

FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI SNÆFELLSNESS

18. fundur ráðsins haldinn
miðvikudaginn 29. janúar 2008 kl. 13:00
í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar

Á fundinn mættu:

Róbert Stefánsson, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, robert@nsv.is,
Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðins Snæfellsjökuls, gudbjorg@ust.is,
Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar, hildibrandur@simnet.is,
Hrefna Birgisdóttir, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps, vegamot@esso.is
Ragnhildur Sigurðardóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar, ragnhildurs@lbhi.is,
Sólrún Guðjónsdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, solrun@fsn.is,
Þórey Jónsdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, thorey@ragnarogasgeir.is,
Þórunn Sigþórsdóttir, starfsmaður Framkvæmdaráðs, thorunn@nsv.is

Dagskrá fundar:

1. Árskýrsla 2007
2. Erindisbréf
3. Framkvæmdaáætlun 2008
4. Kynning verkefnisins – vefsíða, skilti, fánar o.fl.
5. Skilti við Kambsskarð – Þórunn kynnir stöðu verkefnisins. Rætt um næstu skref
6. Fjárhagur 2008
7. Úttekt 2008 - Tímaáætlun fram á vor
8. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Staða verkefnisins

Róbert fór yfir það hvað gert hefði verið á árinu og sagði frá því að Stefán Gíslason hefði verið ráðinn til að fara yfir stöðuna og aðstoða við framgang verkefnisins, þ.á.m. við endurskoðun framkvæmdaáætlunar. Þessi vinna hefur dregist aðeins vegna anna, en nú er framkvæmdaáætlun langt komin. Árskýrsla 2007 er ekki tilbúin en verður unnin upp úr framkvæmdaáætlun þar sem hana þarf að setja upp samkvæmt vísun frá Green Globe. Frá síðasta fundi hefur Þórunn unnið að gagnaöflun vegna vottunar jafnframt því að vinna með Stefáni að ýmsum verkefnum.

Erindisbréf Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Eldra erindisbréf Framkvæmdaráðsins er frá 2004 og þarfnast endurskoðunar. Ný útgáfa af bréfinu lögð fyrir fundinn. Nú heyrir framkvæmdaráðið undir Héraðsnefnd Snæfellinga og því breytist 2. grein erindisbréfsins.

6. grein rædd og Róbert bar upp tvo möguleika varðandi fulltrúafjölda sveitarfélaganna. Annars vegar að sveitarfélögin kysu einn fulltrúa hvert í Framkvæmdaráð í stað þess að þrjú þau stærstu kysu tvo fulltrúa eins og verið hefur. Kæmi til atkvæðagreiðslu í Framkvæmdaráðinu skyldu atkvæði fulltrúa bæjarfélaga með fleiri en 500 íbúa m.v. 1. des gilda tvöfalt á við önnur atkvæði. Hins vegar að þrjú stærstu sveitarfélögin ráði því hvort þau skipi einn eða tvo fulltrúa í ráðið en að fulltrúar stærri sveitarfélaganna fari alltaf með tvö atkvæði komi til atkvæðagreiðslu. Framkvæmdaráðið tekur ekki afstöðu til þess hvor leiðin sé farsælli heldur setur í hendur sveitarstjórna og/eða Héraðsnefndar að ákveða það.

Engar aðrar athugasemdir voru gerðar við framlögð drög að endurskoðuðu erindisbréfi og verður það borið undir bæjar- og sveitastjórnir.

Framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2008-2012

Róbert fer yfir framkvæmdaáætlunina. Umræður sköpuðust um þær leiðir sem nefndar eru í hverjum kafla fyrir sig, en litlar breytingar voru gerðar á fram lagðri áætlun.

Z

Kynning verkefnisins

www.nesvottun.is er heimasíða verkefnisins og þar eru allar grunnupplýsingar um verkefnið. Hingað til hefur Náttúrustofa greitt fyrir lén og vistun en fundarmenn lýstu almennri ánægju með þetta skref og samþykktu að Framkvæmdaráð greiddi kostnað vegna léns og vistunar heimasíðu.

Skilti – drífa þarf í því að setja upp einföld skilti með merki Green Globe við Haffjarðará og í Álftafirði þar sem fólk er boðið velkomið á Snæfellsnes.

Úttekt á að fara fram á verkefninu í vor og stefnt að því að úttektaraðili verði hér á landi 7.-9. apríl en eftir á að fá það staðfest. Því er afar mikilvægt að sveitarfélögin flýti öllum undirbúningi og útvegi sér fána til að hafa uppi við frá upphafi apríl og áfram.

Að mati Framkvæmdaráðsins mættu sveitarfélög nota merki Green Globe mun meira, t.d. á allt kynningarefni, nafnspjöld o.fl. Þau eru með merkið á heimasíðum sínum en gera má merkið mun sýnilegra í samfélaginu.

Skilti við Kambsskarð

Það eru til 750.000 krónur sem eru eyrnamerkar þessu verkefni en verkið hefur gengið hægt þar sem það er ekki forgangsverkefni í tengslum við vottun. Sæmundur og Guðbjörg hafa gengið frá texta en nú þarf að útbúa kort af gönguleiðinni, hugsanlega eitthvað myndefni o.þ.h. Guðbjörg benti á Ólaf Valsson til að gera kort af svæðinu, en finna þarf heppilegan aðila til að setja efnið upp á snyrtilegan hátt. Þórunn og Guðbjörg munu vinna að framgangi málsins.

Fjárhagur 2008

Róbert fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2008. Ekkert framlag kom á fjárlögum ársins svo ljóst er að afla þarf aukins fjár til að standa undir kostnaði við rekstur verkefnisins á árinu. Þórunn og Róbert vinna að leiðum til að fá aukið framlag og munu fljótlega eiga fund með umhverfisráðherra og þingmönnum. Róbert gerði grein fyrir því að munnlegt samkomulag hafi verið gert við bæjarstjórnir um að auka vinnu Þórunnar tímabundið á síðastliðnu ári til að flýta undirbúningi vottunar. Á næstunni verður sveitarfélögunum send rukkun vegna vinnunnar.

Úttekt 2008

Stefnt að vottun 7.-9. apríl n.k. og að niðurstöður verði kynntar á degi umhverfissins 25. apríl ef vottun næst. Þarf að gæta þess að úttektaraðila fylgi her manns sem geti svarað öllum mögulegum og ómögulegum spurningum. Hugmynd að hafa lögfræðing með í för til að skýra út íslenskar reglugerðir og lög, því flutningur úttektaraðila frá Ástralíu til landsins er mjög dýr og um að gera að nýta heimsókn hans sem best.

Stefán Gíslason mun gefa út endanlega framkvæmdaáætlun á næstu dögum sem svo verður send bæjarstjórnnum til samþykktar.

Önnur mál

Stefnt á endurútgáfu bæklinga um Snæfellsnes og mun Þórunn hafa samband við Hrafnhildi um að hún haldi utan um þá vinnu eins og á síðasta ári.

Stan (úttektaraðili 2006) og Stefán hafa bent á að mjög líklega þurfi að breyta Framkvæmdaráði þar sem eins og það er núna hafi það óljóst eða lítið umboð til ákvarðanatöku og standi að sumu leyti til hliðar við starfsemi sveitarfélaganna. Þetta er eitt af því sem gæti verið gagnrýnt við úttekt svæðisins. Einn möguleiki til að styrkja Framkvæmdaráðið gæti verið að fulltrúar bæjarstjórna eða bæjarstjórar sætu í Framkvæmdaráði með ráðgjafa sér við hlið. Fulltrúar beðnir um að hugleiða þetta fram að næsta fundi.

Fundi slitið kl. 17.

Fundarritari

Sólrún Guðjónsdóttir